FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis
b.t. Selmu Hafliðadóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1235
komudagur 12.3.2009

*12. mars 2009*
*Tilvísun: 2009020100*

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161 20. desember 2002, þskj. 96, 90. mál.**

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar dags. 26. febrúar 2009 þar sem óskað er eftir umsögn eftirlitsins um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 90. mál, sparisjóðir.

Fjármálaeftirlitið biðst afsökunar á því að dregist hefur að svara erindi yðar en gríðarlegar annir hafa verið hjá eftirlitinu á undanförnum mánuðum.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið efni frumvarpsins og telur ótímabært að breyta fáum ákvæðum laga nr. 161/2002 að því er varðar sparisjóði. Fjármálaeftirlitið bendir á að heildarendurskoðun á lögum um fjármálamarkaðinn er í vinnslu á vegum nefndar og telur eftirlitið heppilegra að ákvæðum laga nr. 161/2002 verði breytt í kjölfar þeirrar skoðunar.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

*Ragnar Hafliðason* *Helga Rut Eysteinsdóttir*